

Alþingi
Erindi nr. P 132/1617
komudagur 18.4.2006



Akureyrarbær
Bæjarstjóri

Alþingi - nefndarsvið
b.t.Ingvars Þórs Sigurðssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 11. apríl 2006
Tilvísun: 2006030090 / 01-730

Efni: Lega þjóðvegur 1 milli Blönduóss og Eyjafjarðar

Í tillögu til þingsályktunar nr. 84 er verið að beina því til samgönguráðherra að láta gera samaburð á bestu kostum á legu þjóðvegur nr. 1 um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Með þeirri færslu mun þjóðvegur 1 fara um Þverárfjall framhjá Sauðárkróki um Hjaltadal og til Eyjafjarðar um göng milli Hjaltadals og Barkárdals. Með þessari færslu mun vegalengdin milli Reykjavíkur og Akureyrar stytast um 9 km.

Af hálfu Vegagerðarinnar hafa aðrar leiðir til styttingar leiðarinnar á milli Akureyrar og Reykjavíkur verið skoðaðar, eins og t.d. Svínavatnsleið, en með breytingu á henni myndi leiðin stytast um 15 km og breytt þverun Skagafjarðar myndi að auki stytta leiðina um 3.5 km, auk þess sem sú aðgerð myndi stytta leiðina milli Sauðárkróks og Akureyrar um sömu vegalengd.

Það er mat Akureyrarbæjar að þær tillögur sem Vegagerðin hefur þegar gert um styttingu leiðarinnar milli Norðurlands og Suðvesturlandsins sé margfalt hagkvæmari kostur en sú leið sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir og telur að skoðun á öðrum valkostum tefji fyrir hagkvæmari og eðlilegum samgöngubótum sem eru allri þjóðinni til heilla. Jafnframt er bent á að ef til eru fjármunir til að setja í framkvæmdir eins og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, væri nærtækara að setja sömu fjárhæð í uppbyggingu vega sem tengja landshluta og þannig styrkja og efla atvinnulíf og ferðaþjónustu þeirra landshluta sem í hlut eiga og þjóðarinnar allrar. Í þessu sambandi er rétt að minna á að félag í eigu Akureyrarbæjar og fleiri aðila, Norðurvegur, er að skoða möguleika á byggingu vegar milli Suður- og Norðurlands um Kjöl og er allt sem bendir til að sú framkvæmd sé miklu hagkvæmari en sú leið sem þingsályktunartillaga fjallar um.

Virðingarfyllt
f.h. Akureyrarbæjar

Kristján Þór Júlíusson
bæjarstjóri